

Mál nr. 26/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar strætisvagnsins A.

Árekstur á Selásbraut við gatnamót Þingáss hinn 21.12.2012.**Gögn.**

12. Málskot, móttakið 21.1.2014, ásamt fylgigögnum.
13. Bréf X, dags 22.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Strætisvagninum A var ekið norður Selásbraut og beygt til vinstri áleiðis vestur sömu götu. Í sömu andrá kom bifreiðin B úr vestri að beygjunni. Rákust þar saman aftanverð vinstri hlið A og vinstra afturhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að taka beygjuna þegar B hafi verið ekið of langt inn í beygjuna. Ökumaður B hafi svo stöðvað og ekið aftur á bak, en hafi þá farið inn á vinstri helming götunnar miðað við akstursstefnu sína og stöðvað þar er A hafi verið að koma úr beygjunni („klára beygjuna“). Ökumaður B hafi svo aftur tekið af stað og hliðar ökutækjanna þá nuddast saman.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að gatnamótunum og ætlað að beygja til hægri suður Selásbraut, þegar A hafi komið á móti og verið að taka vinstri beygju. Hann hafi stöðvað en A hafi haldið áfram og virst stefna á B. Þá hafi hann bakkað og stöðvað en A hafi haldið viðstöðulaust og hann hafi ekkert annað gert en bíða þess að A rækist í B.

Í skýrslu vitnis sem mun hafa ekið á eftir A segir að B hafi verið ekið of langt inn í beygjuna þannig að A hafi ekki komist áfram út úr henni. B hafi svo verið ekið aftur á bak og A áfram í tveimur áföngum. Er ökumaður B svo að nýju tekið af stað aftur á bak hafi hann lagt vitlaust á B og farið utan í A sem þá hafi verið á ferð.

Álit.

Áreksturinn varð í nokkuð krappri beygju sem myndaði nánast 90° horn á Selásbraut. Erfitt var um vik fyrir A, stóran strætisvagn að taka vinstri beygju öðruvísi en að fara yfir á vinstri helming götunnar. Því var ógerlegt fyrir ökutækin að mætast í beygjunni. Af gögnum málsins má ráða að ökumaður B hafi ekið óþarflega nálægt beygjunni þegar A var í beygjunni. Af þeim sökum þurfti ökumaður B að bakka svo A kæmist leiðar sinnar. Einnig mun ökumaður B hafa sveigt bifreið sinni til vinstri inn á akstursleið A. Þrátt fyrir þær ógöngur sem ökumaður B rataði í hélt ökumaður A ferð sinni áfram fast í kjölfar B og var á ferð þegar árekstur varð. Báðir ökumenn sýndu ekki þá varkárni og tillitssemi sem af þeim mátti krefjast og til þess verður áreksturinn rakinn. Þeir eiga því báðir sök á því hvernig fór og eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sökinni á milli þeirra að jöfnu.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.